

Isavia ohf
Bt. Sveinn Valdimarsson
Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar
Flugstöð Leifs Eiríks
235 Reykjanesbær

Reykjavík 18. júní 2018
UST201805-368/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag - Keflavíkurflugvöllur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.


Í lýsingu kemur fram að tillaga að breytingu felst í því að áætlað er að auka byggingarheimildir á svæði er nefnist FLE2. Í lýsingu kemur einnig fram að í breytingatillögunni felst að skilgreina á nýjar byggingarheimildir á ofangreindu svæði alls 125.000 m². Í dag eru heimildirnar alls 55.000 m² og fara í 180.000 m².


Umhverfispættir

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að aukin umsvif á Keflavíkurflugvelli kunni að hafa áhrif á fráveitukerfi flugvallarins, og að í skipulagstillögu verði lagt mat á hvort afkastageta fráveitu anni 125.000 m² til viðbótar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði nákvæmlega um fráveitumál, að fram komi fjöldi persónueininga sem fráveitan þarf að anna og uppbygging hennar að öðru leyti.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir að öðru leyti ekki athugasemd við hana.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B Bragason
Teymisstjóri